

sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningur, áfengi, ilmvötn, tóbaksvörur, ótaldar smávörur, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og eru ótaldar annars staðar.

9. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur, föt og umbúðir.
10. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hvert teningsfet.
Húsgögn, hljóðfæri, oliugeymar o. fl., allar aðrar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
12. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hvert stykki:
Stórgripir og lifandi sauðfé.
13. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu:
Saltsíld í tunnum.
14. flokkur. Gjald $\frac{1}{2}\%$ af verðmæti sjávarafla, lögðum á land í Húsavíkurhöfn til vinnslu og verkunar, sem innleggjandi greiðir. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingabætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. febrúar 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurðar Helga Sævars Óskarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febrúar 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Sigurð Helga Sævar Óskarsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Sigurð Helga Sævar Óskarsson.

2. gr.

Stofnfé sjóðs þessa má aldrei skerða.

3. gr.

Úthluta skal vöxtum sjóðs þessa ár hvert eftir ákvörðun stjórnar hans. Þó má úthlutun falla niður, og skal sú upphæð, sem þá er til ráðstöfunar leggjast við vexti næsta árs, þannig að hærri upphæð komi til úthlutunar það árið.

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð fimmtíu þúsund krónum — 50000.00 kr. — má útluta ár hvert árlegri aukningu sjóðsins auk vaxta.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum sem hér segir: Formaður, faðir Sigurðar Helga Sævars, Óskar Garibaldason, meðan hans nýtur við og síðan einn af afkomendum hans, tilnefndur af þeim. Meðstjórnendur skulu vera einn úr hópi stjórnar Tónskóla Siglufjarðar, valinn af henni, og einn úr hópi gefanda eða afkomenda þeirra, búsettur á Siglufirði og tilnefndur af gefendum eða afkomendum þeirra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthlutun úr sjóðnum fer fram.

7. gr.

Sjóð þennan má aldrei veðsetja.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Tónskóla Siglufjarðar.

9. gr.

Reglum þessum verður aðeins breytt af meiri hluta gefenda.

Jón Hallsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130
12. júlí 1939, sbr. reglugerð nr. 157 6. september 1957.

1. gr.

Öll gjöld hafnarinnar, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 157 6. september 1957, hækki um 100%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.